

OFFITA Á MEÐGÖNGU

Mælt er með því að mæla BMI barnshafandi kvenna í upphafi meðgöngu – sjá NICE leiðbeiningar.

ALMENN FLOKKUN EFTIR BMI:

Of létt BMI < 18,5

Eðlileg þyngd BMI 18,5 – 24,9

Ofþyngd BMI 25 – 29,9

Offita flokkur 1 BMI 30 – 34,9

Offita flokkur 2 BMI 35 – 39,9

Offita flokkur 3 BMI ≥ 40

Rannsóknir benda til þess að um fimmta hver kona á barneignaraldri á Íslandi sé með BMI >30. Meðganga og fæðing er að öllu jöfnu áhættusamari fyrir þennan hóp. Eins og hjá öllum konum aukast líkur á eðlilegri meðgöngu og fæðingu ef mataræði er gott, hreyfing regluleg og svefn nægur. Ekki er ráðlagt að konur sem eru með BMI >30 þyngist meira en 5-8 kg á meðgöngu.

VANDAMÁL FYRIR MEÐGÖNGU GETA VERIÐ:

Minnkuð frjósemi, PCOS, DM, háþrýstingur, truflaður vítamínþúskapur (t.d. fólínsýra), hyperinsulinemia, afleiðingar megrunaraðgerða, stoðkerfiseinkenni, áhrif á öndun og hjarta.

VANDAMÁL Á MEÐGÖNGU GETA VERIÐ:

Margar klínískar skoðanir eru erfiðar t.d. ómun, SF mæling, blóðþrýstingsmælingar, mat á leghálsi og mat á legu fósturs. Auknar líkur eru á meðgöngusykursýki, háþrýstingi, preeklampsíu, blóðtappa, þungbura, vaxtarseinkun í lok meðgöngu og fósturdauða. Auk þess eru meðfæddir sköpulagsgallar (aðallega miðtaugakerfisgallar) og fósturlát algengari hjá þessum hópi kvenna.

EFTIRLIT Á MEÐGÖNGU:

Kona með flokk 2 offitu (BMI 35-39,9):

Viðtal við fæðingarlækni á fyrsta þriðjungi meðgöngu og aftur við 32-34 vikur meðgöngu.

Skima fyrir sykursýki, meta þörf á ASA og segavörn.

Skima fyrir meðgöngueitrun (BP mæling og þvagstix) á 3ja vikna fresti frá 24-32 vikna meðgöngu en á 2 vikna fresti eftir það.

Þjóða framköllun fæðingar við 40-41 viku meðgöngunnar.

Meta hvort þurfi vaxtarmat með ómun við 32 og 36 vikna meðgöngu og ráðgjöf svæfingalæknis.

Kona með flokk 3 offitu (BMI \geq 40):

Viðtal við fæðingarlækni á fyrsta þriðjungi meðgöngu og aftur við 32-34 vikur meðgöngu.

Skima fyrir sykursýki, meta þörf á ASA og segavörn.

Skimun fyrir meðgöngueitrun (BP mæling og þvagstix) á 3ja vikna fresti frá 24-32 vikna meðgöngu en á 2 vikna fresti eftir það.

Vaxtarmat með ómun við 32 og 36 vikna meðgöngu.

Ráðgjöf svæfingalæknis.

Þjóða framköllun fæðingar við 40-41 viku meðgöngunnar.

GYÐA INGÓLFSDÓTTIR SÉRNÁMSLÆKNIR MÆÐRAVERND ÞÍH, ENDURSKOÐAÐ MARS 2019